

**Sp.**

**371. Fyrirspurnir.**

[214. mál]

I. Til dómsmálaráðherra vegna Umferðarráðs.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Telur dómsmálaráðherra eða ríkisstjórnin, að Umferðarráð geti sinnt hlutverki sínu með aðeins 900 þúsund króna fjárveitingu?

Hefur ríkisstjórnin ekki í hyggju að tryggja ráðinu aukna fjárveitingu á þessu ári, og ef svo er, um hve mikla fjárhæð er þar að ræða?

Hvaða ráðagerðir eru uppi um auknar umferðarslysavarnir, og hvernig er fyrirhugað að vinna að auknum slysavörnum í umferðinni á þessu ári?

II. Til samgönguráðherra um flugvallargerð á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvenær má vænta ákvörðunar flugmálayfirvalda um, hvort byggja eigi nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu, og hvar er sennilegast, að hann yrði gerður, ef til kæmi?

III. Til iðnaðarráðherra um jarðvarmaveitur ríkisins.

Frá Jónasi Péturssyni.

1. Hvaða starfsemi annast jarðvarmaveitur ríkisins, og hvar og hverjar eru eignir þeirra?
2. Á hvaða lagafyrirmælum byggist þessi ríkisstofnun, er samkvæmt fjárlögum umsetur 10.8 milljónir?

IV. Til forsætisráðherra um þingskjöl og Alþingistíðindi.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hver hefur verið árlegur útgáfukostnaður síðustu þrjú árin: a) á þingskjölum, b) á skjalaparti Alþingistíðinda, c) á umræðuparti Alþingistíðinda?
2. Hve mikið er óprentað af umræðuparti Alþingistíðinda?
3. Eru uppi ráðagerðir um breytingar á útgáfufyrirkomulagi þingskjala og Alþingistíðinda, sem leitt gætu jöfnum höndum til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar?

V. Til samgönguráðherra um þungaskatt af bifreiðum samkvæmt öikumæli.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hafa tekjur vegasjóðs af þungaskatti reynzt svipaðar og áður, eftir að farið var að innheimta hann samkvæmt öikumæli, en ef svo er ekki, hafa þær þá aukizt eða minnkað?
2. Er fyrirhuguð endurskoðun á gjaldskrá fyrir þungaskatt?
3. Telur ráðherrann, að núgildandi fyrirkomulag um álagningu þungaskatts geti orðið til frambúðar, þótt af því leiði mjög aukinn mismun á flutningskostnaði til byggðarlaga eftir fjarlægð þeirra frá markaðsstað?